

Ed. 358. Frumvarp til laga [166. mál]

um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa skuldabréf af Sameinuðu þjóðunum fyrir allt að 80 þúsund Bandaríkjadollara og taka jafnháa fjárhæð að láni til þessara kaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sameinuðu þjóðirnar eiga um þessar mundir í miklum fjárhagsörðugleikum. Til þess að ráða bót á þessum vanda, hafa þær ákveðið að afla sér 200 milljón dollara láns með skuldabréfasölu. Bréf þessi eiga að vera til 25 ára og bera 2% ársvexti. Hefur því verið beint til þeirra ríkja, sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum, að þau kaupi bréf þessi. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa ákveðið að kaupa skuldabréf í hlutfalli við árlegt framlag sitt til starfsemi Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórnin telur eðlilegt, að skerfur Íslands verði hlutfallslega hinn sami og þessara nágrannþjóða, en það svarar því, að íslenska ríkið kaupir bréf fyrir 80 þúsund Bandaríkjadollara. Er með frumvarpi þessu farið fram á heimild Alþingis til þessara kaupa, svo og lántöku í því skyni, þar eð fjárveiting er ekki fyrir hendi í fjárlögum.